

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. október 2008 í máli nr. E-7937/2007:

**Hulda Margrét Baldursdóttir**

*(Steingrímur Þormóðsson hrl.)*

**gegn**

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og**

**Ómari Hekim Sunal**

*(Kristín Edwald hrl.)*

Mál þetta, sem var dómtekið 20. október sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Huldu Baldursdóttur, Kirkjuvöllum 3, Hafnarfirði, á hendur Sjóvá Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík og Ómari Hekim Sunal, Skógarhæð 8, Garðabæ, með stefnu birtri 19. nóvember 2007.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða 17.256.606 krónur með 4,5 % ársvöxtum af 1.394.100 krónum frá 20. desember 2003 til 20. mars 2004, en af 17.256.606 kr. frá þeim degi til 13. júlí 2007, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Allt að frádregnum 2.784.873 krónum hinn 19. desember 2005, 5.810.345 krónum hinn 30. október 2007 og 960.685 hinn 5. nóvember 2007.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 13.694.441 krónur með sama vaxtafæti og í aðalkröfu að frádregnum sömu innágreiðslum.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál. Stefndu krefjast þess aðallega að vera sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmd til að greiða stefndu málskostnað.

Stefndu gera þá kröfu til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

*Málavextir.*

Hinn 20. desember 2003 lenti stefnandi í umferðarslysi þegar bifreiðinni AL-760 var ekið aftan á bifreið hennar. Ökumaður bifreiðarinnar AL-760 var stefndi, Ómar, og var bifreiðin tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda, Sjóvá.

Hinn 4. nóvember 2005 skiluðu lækarnir Guðmundur Björnsson og Gísli Ólafsson matsgerð vegna tímabundinna og varanlegra afleiðinga slyssins. Matsmenn mátu tímabil tímabundins atvinnutjóns vera einn mánuður, þjáningatímabil vera tvo mánuði, varanlegan miska 10% og varanlega örorku 10%. Matsmenn töldu að stefnandi hefði ekki mátt vænta frekari bata eftir 20. júní 2004.

Hinn 19. desember 2005 fékk stefnandi greiddar skaðabætur á grundvelli matsins að fjárhæð 2.588.072 kr. sem sundurliðuðust með eftirfarandi hætti:

Þjáningabætur	kr.	62.400,-
Bætur vegna varanl. miska	kr.	596.850,-
Bætur v/ varanl. örorku	kr.	1.707.580,-
Annað fjártjón	kr.	45.000.-
<u>Vextir</u>	<u>kr.</u>	<u>176.242,-</u>
Samtals	kr.	2.588.072,-

-

Auk þess fékk stefnandi greiddar vegna lögmannsbókunar 196.801 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti. Nam greiðsla stefnda, Sjóvár, til stefnanda því samtals 2.784.873 kr. Stefnandi tók við bótum með fyrirvara um mat á miska og varanlegri örorku.

Hinn 12. apríl 2007 skiluðu Birgir G. Magnússon hdl. og Grétar Guðmundsson læknir nýju mati, sbr. matsbeiðni frá október 2006. Samkvæmt matsgerðinni var tímabil tímabundins atvinnutjóns einn mánuður, þjáningatímabil var einnig einn mánuður, varanlegur miski 20% og varanleg örorka 20%. Stöðugleikapunktur stefnanda töldu matsmenn vera 20. júní 2004.

Hinn 13. júní 2007 sendi stefnandi kröfubréf þar sem settar voru fram kröfur í samræmi við niðurstöður matsgerðarinnar en tekið fram að beðið yrði um yfirmat. Ekkert uppgjör fór fram á grundvelli þeirrar matsgerðar.

Hinn 15. júní 2007 voru dómkvaddir yfirmatsmennirnir Páll Sigurðsson, lögfræðingur, Áslaug Björgvinsdóttir, lögfræðingur, og Torfi Magnússon, læknir, til þess að endurmeta tímabundnar og varanlegar afleiðingar slyssins. Samkvæmt niðurstöðum yfirmatsgerðar, dags. 1. október 2007, var stöðugleikapunktur stefnanda talinn vera 20. mars 2004, tímabil tímabundins atvinnutjóns var metið

ekkert, þjáningatímabil sjö dagar án rúmlegu, varanlegur miski 20% og varanleg örorka 35% til starfa á almennum markaði en 25% til heimilisstarfa.

Í kjölfar niðurstöðu yfirmatsgerðar sendi stefnandi stefnda, Sjóvá, kröfubréf þar sem krafist var bóta með hliðsjón af niðurstöðum yfirmatsgerðarinnar. Stefnandi krafðist bóta að fjárhæð 16.720.423 kr. að frádreginni innborgun stefnda, Sjóvár, hinn 19. desember 2005 að fjárhæð 2.784.873 kr. Með tölvubréfi stefnda, Sjóvár, til lögmanns stefnanda, dags. 18. október 2007, var fallist á greiðslu bóta samkvæmt niðurstöðu yfirmatsgerðar en þó ekki samkvæmt kröfubréfi stefnanda og lá uppgjörstillaga stefnda, Sjóvár, að fullnaðaruppgjöri fyrir sama dag. Námu skaðabætur til stefnanda samkvæmt tillögunni samtals fjárhæð 5.810.345 kr. að teknu tilliti til greiðslunnar hinn 19. desember 2005. Þá féllst stefndi, Sjóvá, á að greiða samtals 251.022 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti í lögmannsþóknun auk 910.413 kr. vegna útlagðs lækniskostnaðar og kostnaðar vegna gagnaöflunar. Samtals nam bótagreiðsla stefnda, Sjóvár, til stefnanda hinn 30. október 2007 því 6.720.758 kr. sem sundurliðaðist með eftirfarandi hætti:

Bætur v/ varanl. miska	kr.	665.850,-
Bætur v/ varanl. örorku	kr.	4.216.621,-
Vextir	kr.	841.437,-
Útlagður lækniskostn.	kr.	86.437,-
<u>Útlagður kostn. v/ vottorða</u>	<u>kr.</u>	<u>910.413,-</u>
Samtals	kr.	6.720.758,-

Til viðbótar greiddi stefndi, Sjóvá, 251.022 kr. vegna lögmannskostnaðar að meðtöldum virðisaukaskatti og greiddi stefndi því samtals 6.971.780 kr. Lögmaður stefnanda tók við greiðslunni með fyrirvara en stefndu telja að um fullnaðaruppgjör sé ræða. Stefnandi höfðar mál þetta síðan í nóvember 2007 þar sem hún telur sig ekki hafa fengið fullnaðarbætur.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi byggir kröfu sína á 88. gr. umferðarlaga og 3. mgr. 90. gr. sömu laga, samanber 91. gr. og 1. mgr. 95. gr. sömu laga, samanber og 97. gr. Einnig byggir stefnandi kröfur sínar á reglugerð nr. 392/2003. Stefnandi rökstyður fjárhæð aðalkröfu sinnar tölulega með neðangreindum hætti:

#### a. Töluleg útlistun aðalkröfu.

1. Miskabætur:  $4.000.000 \times 5463/3282 = 6.658.500 \times 20\%$  kr. 1.331.700

2. Bætur f. varanlega örorku.

2.239.500x10.181x35%, utan heimilis	kr.	7.980.122
2.239.500x10.181x25% v. heimilisstarfa	kr.	5.700.000
3. Þjáningabætur	kr.	62.400
4. Annað fjártjón og sjúkrakostnaður	kr.	1.771.222
5. Framtíðar sjúkrakostnaður og annað fjártjón	<u>kr.</u>	<u>410.619</u>
Samtals aðalkrafa:	kr.	17.256.606

1. Stefnandi kveður miskabætur vera byggðar á 4. gr. skbl. Stuðst er við sama miskahöfuðstól og hið stefnda tryggingafélag miðar greiðslu sína á viðbótarmiska við. Byggir stefnandi á að þessi útreikningur sé í samræmi við 2. mgr. 15. greinar skbl. og niðurstöðu yfirmatsins frá 1. október 2007. Byggir stefnandi á að heildarmiskann, 20%, beri að reikna frá ofangreindum miskahöfuðstól, en ekki aðeins 10% hans, eins og hið stefnda tryggingafélag miðar við. Samtals greiðir hið stefnda félag í miskabætur 596.850 krónur + 665.850 eða 1.262.700, í stað 1.331.700, en mismunurinn er 69.000 krónur. Stefnandi bendir á að hinn 16. desember 2005 og 18. október 2007 var tekið við miskabótum með fyrirvara.

2. Bætur fyrir varanlega örorku eru byggðar á yfirmatinu og lágmarkslaunum skv. 3. mgr. 7. gr. skbl. Eru lágmarkslaun hækkuð skv. launavísitölu, þannig eru lágmarkslaun skv. 3. mgr. 7. gr. skbl. 1.200.000 kr. margfölduð launavísitölu í mars 2004, 5356, og deilt með launavísitölu í júlí 1993, 2870, sem gerir 2.239.500 kr. Byggt er á stuðli 6. gr. skaðabótalaga, miðað við aldur stefnanda á stöðugleikapunkti, 10.181, eins og hið stefnda félag gerir í uppgjöri sínu 18. október 2007. Byggir stefnandi á að það brjóti gegn jafnræðisreglu stjórnarskrár að hækka laun þeirra sem falla undir 1. mgr. 7. gr., og fá laun sín hækkuð samkvæmt launavísitölu, þegar þeir, sem vegna aðstæðna eru ekki með tekjureynslu, vegna fullrar atvinnuþátttöku þrjú ár fyrir slys, eins og stefnandi var, eru metnir samkvæmt lánskjaravísitölu sem er töluvert lægri mælikvarði, eins og samanburður aðalkröfu og varakröfu sýnir. Byggir stefnandi á að með þeim hætti sé tjónpolum skipt í tvær fylkingar, þar sem önnur fylkingin, sem stefnandi tilheyrir, fá tjón sitt bætt með öðrum og lakari hætti en sú fylking sem fellur undir 1. mgr. 7. gr. Bætur fyrir heimilisstörf byggir stefnandi á, að hefði slysið ekki orðið, hefði hún bæði unnið úti og hugsað um heimilið, en hún eigi 4 börn á ungum aldri. Það sé þekkt í íslensku þjóðfélagi, að þannig hagi til, en vinna á heimili með 4 börn sé nánast full vinna. Þá vinni konur hér á landi sem eru útivinnandi við þannig aðstæður og vitanlega eigi að miða bæturnar við það. Til vara byggir stefnandi á að taka verði tillit til skerðingar á vinnu við heimilisstörf að einhverju leyti, þegar mál þetta verður tekið til úrlausnar, til viðbótar við bætur vegna vinnu utan heimilis, verði þessi bótaþáttur ekki viðurkenndur í heild sinni. Byggir stefnandi á, að samkvæmt 2. mgr. 1. gr. skaðabótalaga jafngildi vinna á

heimili, vinnu úti á hinum almenna vinnumarkaði og hafi það verið staðfest með nokkrum dómum Hæstaréttar Íslands. Vísar stefnandi til þeirra dómfordæma kröfu sinni til grundvallar.

3. Þjáningabætur eru þær sömu og í fyrra uppgjöri frá 19. desember 2005 eða 62.400. Byggir stefnandi þessa kröfu sína á grunnreglu þeirri sem kemur fram í greinargerð með 11. gr. skaðabótalaga á þessa leið: „Hinn bótaskyldi á ekki rétt á að krefjast þess að máli sé tekið upp til nýrrar ákvörðunar. Þess vegna er ekki heimilt að taka mál upp aftur að kröfu tjónvalds þótt síðar komi í ljós að heilsa tjónþola reynist betri en gert var ráð fyrir þegar máli var endanlega lokið.“

4. Annað fjártjón og sjúkrakostnaður. Fyrir liggur matsgerð um sjúkrakostnað stefnanda, unnin af Vigfúsi Ásgeirssyni tryggingastærðfræðingi og Ólöfu H. Bjarnadóttur, endurhæfingar- og taugalækni, dags. 6. júní 2008. Þar kemur fram að kostnaður stefnanda vegna læknisvottorða og annars kostnaðar vegna læknisskoðana og rannsókna, ásamt matskostnaði og lögmanskostnaði, sé samtals 1.705.585 krónur. Hluti þessa kostnaðar hefur verið greiddur af hinu stefnda félagi eða 767.800 kr. Eftir standi 709.810 kr. sem er lögmanskostnaður 251.023 kr., reikningar samtals að fjárhæð 5.136+5.894 kr., + 10.680 kr. og vegna undirmatsgerðar 404.100 kr. Reikningar að fjárhæð 20.500 kr., 2.350 kr., 700 kr. og 9.427 kr. Byggir stefnandi á að þessar eftirstöðvar falli undir 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga, sem sjúkrakostnaður og annað fjártjón. Einnig byggir stefnandi á, að mat hinna dómkvöddu matsmanna á aksturskostnaði hennar komi ofangreindum kostnaði til viðbótar, eða 65.637 kr. Samtals er því ógreitt samkvæmt ofangreindum útreikningum fyrir annað fjártjón og sjúkrakostnað 709.810+65.637 eða 775.447 kr.

Krafa stefnanda er hins vegar að fjárhæð 1.705.585 krónur + aksturskostnaður 65.637 krónur eða 1.771.222. Frá er dregið í dómkröfum 960.685 krónur þann 5. nóvember 2007. Stefnandi telur misræmi í þessum útreikningum mv. greinargerð hins stefnda félags. Einnig, ef ekki er fallist á að um sé að ræða sjúkrakostnað og annað fjártjón, að færa þennan þátt kröfunnar undir málskostnað, allavega varðandi ógreiddan kostnað stefnanda vegna undirmatsins.

5. Kröfu um framtíðar sjúkrakostnað og annað fjártjón byggir stefnandi á sömu matsgerðinni frá 6. júní 2008. Kostnaður þessi er miðaður við stöðugleikapunkt 219.484 kr., þ.e. lækni- og lyfjakostnað. Þá er framtíðartekjutjón vegna sjúkráhúslegu metið á 191.135 kr. miðað við stöðugleikapunkt. Samtals er krafan að fjárhæð 410.619 kr. Stefnandi byggir þessa kröfu sín á 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga og 2. mgr. 264. gr. þágildandi almennra hegningalaga um röskun á stöðu og högum.

6. Ársvaxtakrafa er byggð á 16. gr. skaðabótalaga. Dráttarvaxtakrafan er byggð á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Einnig er vísað til 9. gr. laganna og til kröfubréfs frá 13. júní 2007.

7. Varðandi málskostnað stefnanda þá hefur hið stefnda félag greitt stefnanda 201.624 krónur í málskostnað, vegna þeirrar kröfu sem stefnandi gerir í þessu máli. Stefnandi hefur talið þessa greiðslu of lága miðað við þá vinnu sem farið hefur í málið, með vísan til viðamikillar gagnaöflunar og tveggja matsbeiðna fyrir héraðsdómi, auk vinnu við matsmálið, sem báru vissulega árangur. Þar að

auki er til þess vísað að hið stefnda félag hefur greitt stefnanda vegna þessa máls 5.810.345 kr. í skaðabætur, auk útlagðs kostnaðar. Hefur hið stefnda félag einungis greitt málskostnað miðað við innheimtumál og tekið með í reikning sinn þann kostnað sem greiddur var í fyrra uppgjöri málsins.

Töluleg útlístun varakröfu stefnanda:

1.	Miskabætur: 6.658.500x20%	kr.
1.331.700		
2.	Bætur f. varanlega örorku	
	1.656.500x10.181x35%, utan heimilis	kr.
5.902.500		
	1.656.500x10.181x25%, v. heimilisstarfa	kr.
4.216.000		
3.	Þjáningabætur	kr.
62.400		
4.	Annað fjártjón og sjúkrakostnaður	kr.
1.771.222		
5.	Framtíðar sjúkrakostnaður og annað fjártjón	<u>kr. _____</u>
<u>410.619</u>		
	Samtals aðalkrafa	<u>kr. _____</u>
<u>13.694.441</u>		

Varakrafa stefnanda er grundvölluð með sama hætti og aðalkrafa að því frátöldu að bætur fyrir varanlega örorku eru miðaðar við 1.656.500 kr. í árslaun.

Kröfum sínum til grundvallar vísar stefnandi einnig til 48. gr. váttryggingarsamningalaga nr. 30/2004 og til kröfubréfs stefnanda frá 4. október 2007. Og til skyldu váttryggingafélaga til jákvæðrar og efnislegrar afgreiðslu slíkra mála, sem þessa máls.

Kröfu sína um dráttarvexti, frá 13. júlí 2007 af 6.116.647 kr., byggir stefnandi á að hinn 13. júní hafi stefnandi gert kröfu á grundvelli undirmatsins til hins stefnda félags, sem í engu hafi svarað bréfinu og haldið að sér höndum með greiðslur til stefnanda. Fyrir hafi legið mat dómkvaddra matsmanna sem hinu stefnda félagi hafi borið að líta á sem grundvöll greiðsluskyldu félagsins.

Um lagarök er vísað til umferðarlaga og reglugerðar nr. 392/2003 og til meginreglna skaðabótaréttar um fullar bætur. Einnig skírskotar stefnandi til skaðabótalaga 1. gr. til og með 7. gr., sem og til 26. gr. Stefnandi vísar og til laga nr.

60/1994, 12. gr. og til 5. tl. 1. mgr. 21. gr., sem og til ákvæða laganna um aðild íslenskra tryggingafélaga að markmiðum þeim sem sett hafa verið með ökutækjatilskipunum EBE. Þá skírskotar stefnandi til lagaáskilnaðar-reglunnar (lögmætisreglunnar) og tilgangs- og lagasamræmisskýringa EBE-réttar og til fordæma Mannréttindadómstóla Evrópu í því sambandi. Einnig er vísað til ökutækjatilskipana EBE.

### *Málsástæður og lagarök stefndu*

Stefndu mótmæla öllum kröfum og málsástæðum stefnanda. Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi að öllu leyti fengið tjón sitt bætt og eigi því ekki rétt á frekari bótum úr hendi stefndu. Samkvæmt meginreglu skaðabótaréttar ber tjónþoli sönnunarbyrði fyrir tjóni sínu og umfangi þess. Stefndi hefur ekki fært sönnur fyrir því að tjón hennar hafi verið annað og meira en hún hefur þegar fengið greitt fyrir.

Stefndi hefur samtals fengið greiddar 10.085.156 kr. í skaðabætur vegna slyssins að meðtöldum lögmanskostnaði að fjárhæð samtals 447.823 kr. Byggja stefndu á því að stefnandi geti ekki átt rétt á frekari bótum. Stefndu reisa kröfu sína á eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi liggur fyrir að stefnandi varð ekki fyrir neinu tímabundnu atvinnutjóni, sbr. niðurstöður yfirmatsgerðarinnar. Krafa stefnanda um bætur vegna tímabundins atvinnutjóns er því úr lausu lofti gripin og ekki studd neinum gögnum. Þvert á móti meta yfirmatsmenn tímabundið atvinnutjón ekkert. Er kröfunni því alfarið mótmælt.

Í öðru lagi liggur fyrir að stefnandi hefur þegar fengið greiddar bætur vegna þjáningatímabils síns, sem yfirmatsmenn mátu í sjö daga án rúmlegu. Hinn 19. desember 2005 fékk stefnandi greiddar þjáningabætur að fjárhæð 62.400 kr. vegna 60 daga þjáningatímabils samkvæmt matsgerð, dags. 4. nóvember 2005. Er því ljóst að stefnandi hefur fengið greiddar þjáningabætur að fullu, og meira til, og nemur ofgreiðslan 55.120 kr. sé miðað við lánskjaravísitölu þess tíma þegar uppgjör vegna bótanna fór fram. Kröfu stefnanda um greiðslu þjáningabóta vegna 30 daga tímabils samkvæmt niðurstöðu undirmats er því hafnað auk þess sem henni er almennt sérstaklega mótmælt. Eins og áður segir hefur stefnandi nú þegar fengið ofgreiddar þjáningabætur vegna 60 daga tímabils, auk þess sem ósannað er með öllu að þjáningatímabil stefnanda hafi verið lengra en sjö dagar.

Í þriðja lagi hefur stefnandi fengið greiddar fullnaðarbætur vegna varanlegs miska. Yfirmatsmenn mátu miskastig stefnanda 20% og fékk stefnandi greiddar 665.850 kr. vegna 10% miska hinn 30. október 2007. Hinn 19. desember 2005 hafði stefnandi einnig fengið greiddar bætur vegna 10% varanlegs miska að fjárhæð 596.850 kr. Hafa henni því verið greiddar fullnaðarbætur að fjárhæð 1.262.700 kr. vegna 20% varanlegs miska. Öðrum kröfum stefnanda vegna varanlegs miska er því mótmælt.

Í fjórða lagi mótmæla stefndu kröfu stefnanda um greiðslu bóta vegna varanlegrar örorku. Stefndi hefur þegar fengið greiddar 5.924.201 kr. í bætur

vegna varanlegrar örorku (1.707.580 kr. hinn 19. desember 2005 vegna 10% varanlegrar örorku og 4.216.621 kr. hinn 30. október 2007 vegna 25% varanlegrar örorku). Samtals hefur stefnandi því fengið greiddar bætur vegna 35% varanlegrar örorku í fullu samræmi við niðurstöðu yfirmatsgerðar.

Stefndu mótmæla því alfarið að stefnandi eigi rétt á sérstökum bótum vegna 25% varanlegrar örorku til heimilisstarfa samhliða bótum vegna varanlegrar örorku til vinnu á almennum markaði. Engin lagaheimild er til þess að stefnandi eigi rétt á greiðslu bóta vegna heimilisstarfa samhliða bótum vegna tekjuskerðingar á almennum vinnumarkaði, jafnvel þótt geta stefnanda til heimilisstarfa skerðist samhliða skerðingu á almennri vinnugetu. Er stefnandi þannig í raun að krefjast tvöfaldra bóta vegna varanlegrar örorku. Stefndu benda á að hin metna 35% varanlega örorka til starfa á vinnumarkaði miðast við almenna 100% vinnugetu og vinnuframlag stefnanda og eru því engin rök til þess að dæma henni sérstakar bætur vegna skerðingar á getu til heimilisstarfa. Kröfu stefnanda er því alfarið mótmælt.

Þá mótmæla stefndu harðlega útreikningi kröfu stefnanda um bætur vegna varanlegrar örorku í aðal- og varakröfu. Í fyrsta lagi mótmæla stefndu því að lágmarkslaunaviðmið samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skuli framreiknað með hliðsjón af launavísitölu, líkt og stefnandi gerir í aðalkröfu sinni. Engin lagaheimild er til þess heldur hafa skaðabótalögin þvert á móti að geyma skýlaus fyrirmæli þess efnis að launaviðmið samkvæmt 3. mgr. skuli taka breytingum með hliðsjón af breytingum á lánskjaravísitölu, sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna. Er því útilokað að fallast á útreikning stefnanda í aðalkröfu hvað þetta varðar.

Í fimmta lagi mótmæla stefndu kröfu stefnanda um bætur vegna framtíðarsjúkrakostnaðar. Krafa þessi er ekki studd neinum gögnum heldur byggist alfarið á huglægu og órökstuddu mati stefnanda sjálfs. Er því útilokað að taka hana til greina og ber að sýkna stefndu af henni.

Í sjötta lagi mótmæla stefndu kröfu stefnanda um greiðslu bóta vegna annars fjártjóns og sjúkrakostnaðar. Stefndi, Sjóvá, hefur þegar greitt stefnanda bætur vegna alls sannanlegs fjártjóns sem rekja má til slyss stefnanda. Hinn 19. desember 2005 fékk stefnandi greiddar 45.000 kr. vegna annars fjártjóns, og hinn 30. október 2007 fékk stefnandi til viðbótar greiddar 996.850 kr. vegna útlagðs kostnaðar stefnanda og lögmanns hennar í tengslum við lækniástoð eða öflun læknisvottorða og yfirmatsgerðar. Þá fékk stefnandi einnig greiddar 328.503 kr. vegna útlagðs kostnaðar á tímabilinu 1. september 2004 til og með 22. nóvember 2005. Hefur stefnandi því samtals fengið greiddar 1.370.353 kr. vegna annars fjártjóns og útlagðs kostnaðar. Stefndi, Sjóvá, greiddi framangreindar 996.850 kr. og 328.503 kr. gegn framvísun frumrita reikninga frá stefnanda en öðrum reikningum hafði stefnandi ekki framvísað og þar með ekki sannað tjón sitt vegna. Annað fjártjón að fjárhæð 45.000 kr. greiddi stefndi, Sjóvá, hinn 19. desember 2005 án þess að reikningum væri framvísað og má því leiða líkur að því að stefndi, Sjóvá, hafi ofgreitt stefnanda vegna annars fjártjóns. Stefndu hafna því að þeim beri að greiða fyrir kostnað vegna öflunar undirmatsgerðar þar sem matsgerðarinnar var aflað af hálfu stefnanda án þess að á henni sé byggt í málinu. Þá er kröfu stefnanda um greiðslu lögmannskostnaðar samkvæmt reikningi að fjárhæð 249.000 kr. mótmælt enda útilokað að sjá á hverju sú krafa byggist. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda vegna þessa kröfuliðar.

Í sjöunda og síðasta lagi benda stefndu á að stefnandi hefur fengið ofgreiddar þjáningabætur að fjárhæð 55.120 kr. sem krafist er að komi til frádráttar frá tildæmdum bótum ef ekki verður að öllu leyti fallist á sýknukröfu stefndu. Ef tildæmdar bætur nema sömu eða lægri fjárhæð og ofgreiðslan nemur, leiðir það einnig til sýknu á öllum kröfum stefnanda.

Ef ekki verður fallist á sýknukröfu stefndu er gerð varakrafa um að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Er varakrafa stefndu byggð á eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi byggja stefndu á því að kröfu stefnanda beri að lækka með hliðsjón af sömu málsástæðum og aðalkrafa stefndu byggist á að breyttu breytanda. Hafa röksemdir þessu til stuðnings verið raktar hér að framan og vísast til þeirra.

Í öðru lagi er dráttarvaxtakröfu stefnanda í aðal- og varakröfu mótmælt frá fyrra tímamarki en 4. desember 2007 þegar mánuður var liðinn frá því að yfirmatsgerð og kröfubréf stefnanda barst stefnda, Sjóvá. Stefndu mótmæla því að krafa stefnanda geti borið dráttarvexti frá því tímamarki sem stefnandi krefst þar sem fyrir lá yfirlýsing lögmanns stefnanda, dags. 13. júní 2007, um að stefnandi hygðist ekki ætla að una niðurstöðum undirmatsgerðar og því gæti endanlegt uppgjör ekki farið fram fyrr en yfirmatsgerð lægi fyrir. Þá er vaxtakröfu stefnanda í aðal- og varakröfu, eins og hún er sett fram í stefnu, jafnframt mótmælt þar sem bætur vegna varanlegrar örorku byrja ekki að bera vexti fyrr en við upphafsdag varanlegrar örorku, sbr. 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Í þriðja lagi er þess krafist að innborganir stefnda, Sjóvár, komi til frádráttar kröfum stefnanda frá því tímamarki sem þær voru inntar af hendi og taki þá vaxtaútreikningur mið af nýjum höfuðstól kröfunnar á innborgunardögum.

Um lagarök vísa stefndu einkum til reglna skaðabótaréttar um sönnun tjóns og sönnunarbyrði auk skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. lög nr. 37/1999. Þá vísa stefndu til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### *Forsendur og niðurstaða*

Ágreiningur málsins lýtur að tölulegu uppgjóri vegna slyss er stefnandi varð fyrir 20. desember 2003. Ekki er ágreiningur um læknisfræðilegar afleiðingar slyssins. Ágreiningur málsins nær til uppgjörs vegna fjögurra atriða, þ.e. vegna varanlegs miska, varanlegrar örorku, annars fjárhags tjóns og sjúkrakostnaðar og loks framtíðar-sjúkrakostnaðar.

Í fyrsta lagi lýtur ágreiningurinn varðandi uppgjör á varanlegum miska að því, að stefnandi telur að vangreiddar séu 69.000 kr. Stefnandi fékk greiddar bætur vegna 10% varanlegs miska, eða 596.850 kr., hinn 19. desember 2005. Samkvæmt matsgerð dags 12. apríl 2007 var varanlegi miskinn metinn 20% og stefnandi fékk greiddar 665.850 kr. hinn 18. október 2007. Samtals hefur því stefnandi fengið greiddar 1.262.700 kr. en krefst þess að fá 1.331.700 kr. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr.

skaðabótaganna skulu fjárhæðir bóta vegna varanlegs miska breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu. Eins og að framan greinir fékk stefnandi greiddar bætur vegna 10% varanlegs miska í desember 2005. Hún getur ekki bæði sleppt og haldið, þ.e. mótttekið bætur og síðan einnig haldið vísitölutryggingu á þeim. Í þessu tilvikum er haldlaus sú málsástæða að stefnandi hafi mótttekið bætur þessar með fyrirvara. eru stefndu því sýknaðir af kröfu stefnanda í þessum þætti málsins.

Í annan stað er ágreiningur um uppgjör vegna varanlegrar örorku stefnanda. Kröfur hennar í þessum lið eru tvíþættar. Annars vegar að lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótaganna eigi að hækka miðað við launavísitölu en ekki lánskjaravísitölu. Hins vegar eigi hún rétt til bóta vegna heimilisstarfa, en stefnanda var metin 35% varanleg örorka vegna starfa utan heimilis. Dómurinn hafnar báðum þessum atriðum. Ótvírætt er að bætur skuli samkvæmt skaðabótagögunum hækka samkvæmt lánskjaravísitölu sbr. 15. gr. laganna. Skortir því kröfu stefnanda um launavísitölu lagastoð. Þá er ekki lagaheimild fyrir því að stefnandi eigi rétt á greiðslu bóta vegna heimilisstarfa samhliða bótum vegna tekjuskerðingar á almennum markaði. Því er skortir lagaheimild fyrir þessari kröfu stefnanda.

Í þriðja lagi krefst stefnandi þess að stefndu greiði henni annað fjártjón samtals að fjárhæð 1.771.222 kr. og vísar til 1. mgr. 1. gr. skaðabótaganna svo og til matsgerðar dags. 6. júní 2008. Annars vegar er um að ræða niðurstöðu matsmanna sem telja sjúkrakostnað vera 1.705.585 kr. og hins vegar aksturskostnað að fjárhæð 65.637 kr. Stefnandi viðurkennir að hluti þessa kostnaðar sé þegar greiddur og telur að eftir standi ógreiddar 709.810 kr. (af 1.705.585 kr.) og 65.637 kr. vegna aksturskostnaðar eða samtals 775.447. Stefndu halda því fram að framlagðar uppgjörskvittanir frá tryggingafélaginu sýni að félagið hafi vegna annars fjártjóns greitt 45.000 kr. hinn 19. desember 2005, 996.960 kr. hinn 30. október 2007 og 328.503 kr., þ.e. vegna útlagðs kostnaðar á tímabilinu 9. janúar 2004 til 22. nóvember 2005. Þetta geri samtals 1.370.463 kr. Með því hafi stefndu greitt þetta fjártjón stefnanda.

Eins og að framan greinir telur stefnandi að 709.810 kr. séu ógreiddar. Hluti þeirra upphæðar er lögmannskostnaður að fjárhæð 251.023 kr. Fyrir liggur í málinu að kostnaður þessi var greiddur 30. október 2007. Þá er hluti þessa ætlaða ógreidda kostnaðar þóknun til matsmanna vegna undirmatsins að fjárhæð 404.100 kr. Stefnandi vildi ekki una mati þessu og krafðist yfirmats. Þar af leiðandi er hér um kostnað að ræða sem stefnandi á að bera. Reikningar er stefnandi telur vera að fjárhæð 5.136+5.894 kr. eru að fjárhæð 1.290+1.806 kr. og voru greiddir 30. október 2007. Eftir standa því 43.657 kr.

Málatilbúnaður, hvað þennan lið varðar, er langt frá því að vera skýr og glöggur. Þegar á allt er litið þykir þó ekki næg ástæða til að taka ekki afstöðu til hans í dómi. Miðað við gögn málsins, og þess sem að framan greinir, krefst stefnandi 1.290.455 kr., (1.705.585 - 404.100 - 5.136 - 5.894 kr.), en stefndi hefur þegar greitt 1.370.463 kr. samkvæmt framlögðum kvittunum. Í ljósi þessa telur dómurinn að líkur séu fyrir því að stefndu hafi þegar greitt þann kostnað sem stefnandi krefst í þessum þætti málsins.

Eins og að framan greinir gerir stefnandi kröfu um greiðslu að fjárhæð 65.637 kr. vegna aksturs. Byggir hún kröfuna á matsgerð dómkvaddra matsmanna

frá 6. júní 2008. Þar kemur fram að stefnandi hafi lagt fram lista yfir akstur sinn til lækna, sjúkrahús, á sjúkrahús og á matsfundi og nemi þessi akstur 918 km. Þá hafi matsmenn borið þennan akstur saman við framlagða reikninga og telja hann réttan. Verð per. ekinn kílómetra er 71,50 kr. á verðlagi í árslok 2007. Samtals eru 65.637 kr. Framlagðar kvittanir frá stefndu um greiðslur til stefnanda bera það ekki með sér að þessi aksturskostnaður hafi verið greiddur. Þá hefur þessi liður matsins ekki sætt sérstökum andmælum af hálfu stefndu við aðalmeðferð málsins. Dómurinn lítur svo á að hér sé um kostnað að ræða sem stefndu beri að standa straum af með vísan til 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga. Því beri stefndu að greiða stefnanda 65.637 kr.

Í fjórða og síðasta lagi krefst stefnandi þess að henni verði bætt framtíðartekju-tjón að fjárhæð samtals 410.619 kr. Stefnandi byggir kröfu þessa á 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga og 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga og telur að um röskun á stöðu og högum hafi verið að ræða. Krafa stefnanda er byggð á matsgerð dómkvaddra matsmanna frá 6. júní 2008. Þar kemur fram kostnaður stefnanda í framtíðinni vegna sjúkrahjálfunar, heimilislæknis, taugalæknis og lyfja sé að núvirði hinn 20. mars 2004 219.484 kr. Þá sé vinnutap stefnanda vegna dvalar í endurhæfingu 191.135 kr. á verði 20. mars 2004. Samtals eru þetta 410.619 kr. Þótt fjárhæð þessi komi fram í matsgerð dómkvaddra matsmanna þá breytir það því ekki að um áætlun er að ræða. Í áætlun þessari er ekkert tekið tillit til þess að íslenska ríkið stendur straum af ýmiskonar félagslegri aðstoð við borgara landsins. Í ýmsum tilfellum fá sjúklingar svokölluð afsláttarkort, lyfjaskírteini og fleira. Í matinu er ekki heldur tillit tekið til þess hagræðis fyrir stefnanda að fá greidda fjárhæðina út strax, þ.e. kostnað sem kæmi til greiðslu eftir e.t.v. nokkur ár. Hún hefur því augljóst hagræði af því að fá þessar greiðslur strax. Þá er einnig í mati á hinni varanlegri örorku metin varanleg örorka til framtíðar og hvaða áhrif hún hefur á aflahæfi stefnanda. Þegar á framangreint er litið telur dómurinn kröfu stefnanda ósannaða og hafnar henni.

Þegar á allt framangreint er litið ber stefndu in solidum að greiða stefnanda 65.637 kr. Stefndu hafa gert kröfu um skuldajöfnuð að fjárhæð 55.120 kr. vegna ofgreiddra þjáningarbóta. Stefnandi fékk greiddar þjáningarbætur hinn 19. desember 2005 á grundvelli matsgerðar frá 4. nóvember 2005. Samkvæmt yfirmatsgerðinni var tímabil vegna þjáningarinnar stytt úr 2 mánuðum í 7 daga. Því telja stefndu að ofgreiddar séu 55.120 kr. Stefnandi hefur hafnað kröfu þessari. Fyrir liggur loka- og fullnaðaruppgjör frá hinu stefnda félagi dags 19. desember 2005 vegna tjóns stefnanda. Engir fyrirvarar eru gerðir varðandi uppgjör þetta af hálfu félagsins og eru stefndu bundnir af því. Kröfu stefndu um skuldajöfnuð er því hafnað. Fjárhæð kröfu vegna aksturskostnaðar kom fyrst fram 2. september sl. Með vísan til 2. mgr. 9. gr. i.f. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu reiknast dráttarvextir frá dómsuppkvaðningu.

Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun lögmansins, Steingríms Þormóðssonar hrl., sem er hæfilega ákveðin 600.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun þóknunarinnar hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Útlagður kostnaður vegna tveggja matsgerða er samtals að fjárhæð 897.100 kr.

Af hálfu stefnanda flutti málið Steingrímur Þormóðsson hrl.

Af hálfu stefnda flutti málið Guðjón Ármannsson hdl.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

## **DÓMSORÐ**

Stefndu, Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Ómar Hkim Sunal, greiði in solidum stefnanda, Huldu Margréti Baldursdóttur, 65.637 kr. með dráttarvöxtum frá uppkvaðningu dómsins. Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, 600.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti.

Sigrún Guðmundsdóttir.

-----  
Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjavíkur, 23. október 2008.

Gjald 1.900 krónur. Greitt.